

Greinargerð vegna endurskoðunar laga

I

Greinargerð vegna endurskoðunar laga STAG

Kallað hefur verið eftir endurskoðun á lögum STAG. Af því tilefni var skipuð laganefnd til að fara í verkið. Hana skipa Sigríður Logadóttir, Anna Guðrún Gylfadóttir og Karitas Eik Sandholt.

Við endurskoðunina var litið til nokkurra annara stéttarfélaga sveitarfélaga og höfð til hliðsjónar.

Hér fylgja nokkrir punktar sem varða helstu breytingar á lögum:

- Uppsetningu og kaflaskiptingu laganna var nokkuð breytt til að skapa meiri samfellu.
- Ákvæði um inngöngu í félagið er óbreytt en laganefndin fékk þá athugasemd varðandi sviðsstjóra að þeir ættu ekki aðild að félaginu. Ekki verður séð að lög STAG hindri að sviðsstjórar séu félagar, ákvörðun um slíkt veltur ekki á ákvæðum laganna. Nefndin velti fyrir sér hvort kveða eiga á um aðild sumarstarfsmanna að félaginu, dæmi um ákvæði varðandi sumarstarfsmenn: „Sumarstarfsmenn eru aukafélagar. Aukaaðild veitir rétt til þátttöku í starfsemi félagsins og rétt til að njóta takmarkaðrar hagsmunagæslu þess. Aukaaðild fylgir tillöguréttur á félagsfundum en ekki kosningaréttur og kjörgengi.“ Og hvað varðar greiðslu félagsgjalda: „Aukafélagar greiða árgjald hlutfallslega.“
- Athuga þarf hvort orðalag um greiðslu félagsgjalda sé rétt, þ.e. „... skal miðast við hundraðshluta fastra launa.“
- Í 4. gr. er nýmæli varðandi úrsögn úr félaginu og hvað varðar áframhaldandi aðild félagsmanna sem verða atvinnulausir sem er þó tímabundin við fyrstu sex mánuði atvinnuleysis enda séu þeir sannanlega ekki með aðild að öðru stéttarfélagi. Þá er ákvæði um áframhaldandi aðild eftirlaunaþega næstu tvö ár eftir að þeir láta af störfum enda hafi starf þeirra verið aðalstarf að minnsta kosti fjögur ár fyrir starfslok.
- Í 5. gr. sem fjallar um aðalfund er skerpt á hvernig auglýsingu til fundarins skuli háttað. Kveðið er á um að boða skuli til fundarins með áberandi auglýsingu á hverjum vinnustað, á heimasíðu félagsins og með rafrænum fjölpósti til félagsmanna með sjö virkra daga fyrirvara.
- Í 6. gr. um dagskrá aðalfundar er skerpt á að gera skuli grein fyrir reikningum félagsins og sjóða þess.

- Í 7. gr. er fjallað um stjórnarkjör. Sérstök regla er um kosningu formanns, þ.e. að hljóti enginn meira en helming gildra atkvæða skuli efnt á ný til atkvæðagreiðslu milli þeirra sem flest atkvæði hlutu. Hvað kjör annarra stjórnarmanna varðar gildir að sá nær kjöri er flest atkvæði fær. Ekki er gert ráð fyrir að kosið sé sérstaklega um embætti innan stjórnarinnar, heldur er kveðið á um í 9. gr. að stjórnin skipti með sér verkum og kjósi varformann, ritara og gjaldkera.
- Í 8. gr. er nýmæli að stjórn STAG skuli skipa þriggja manna kjörstjórn til þess að sjá um stjórnarkjör. Hlutverk kjörstjórnar er að auglýsa eftir framboðum til stjórnarkjörs tímanlega. Tilgangur greinarinnar er að auka lýðræðislega breidd innan félagsins enda um marga og fjölbreytta vinnustaði að ræða innan sveitarfélagsins. Þá er nýmæli að framboðum skuli fylgja meðmæli. Í 8. gr. er einnig fjallað nánar um auglýsingar kjörstjórnar eftir framboðum og framkvæmd kosninga.
- Í 9. gr. er skerpt á störfum stjórnar og er þar um hefðbundin atriði að ræða, s.s. um ritun fundargerða, störf gjaldkera og að formaður sé talsmaður stjórnar.
- Í 17. gr. er nánar kveðið á um hvernig félagsslitum skuli háttað en gert er í gildandi lögum.
- Að öðru leyti er ekki um efnislegar breytingar eða nýmæli í endurskoðuninni, nema orðalag er í ýmsum greinum snikkað til og lagfært.
- Laganefnd leggur til að drögin til nýrra laga verði lögð fram á aðalfundi nú í maí en umfjöllun og atkvæðagreiðsla um þau verði frestað til framhaldsaðalfundar sem fari fram á hausmánuðum. Með því gefst nýrri stjórn sem kosin verður á aðalfundi tækifæri til að fjalla um drögin. Einnig gefst þá rúmur tími til að kynna drögin fyrir félagsmönnum og kalla eftir athugasemdum þeirra.

F.h. laganefndar

Sigríður Logadóttir

Lög félagsins

II

Lög starfsmannafélags Garðabæjar, STAG

1.gr.

Félagið heitir Starfsmannafélag Garðabæjar (skammstafað STAG).

2. gr.

Félagið er stéttarfélag starfsmanna Garðabæjar svo og fyrirtækja í eigu bæjarins.

Tilgangur félagsins er meðal annars eftirfarandi:

- a) Að annast kjarasamningsgerð og vera í fyrirsvari fyrir hönd starfsmanna varðandi kjarasamningsmál samkvæmt lögum og reglugerð um kjarasamninga sveitarfélaga.
- b) Að gæta hagsmuna félaga sinna launalega, félagslega og faglega, t.d. um starfskjör, eftirlaun og önnur réttindi og skyldur.
- c) Að sinna fræðslu m.a. með styrkjum úr menntasjóði.
- d) Að starfrækja orlofshús og annað það sem bæta kann kjör félagsmanna í orlofi.
- e) Að veita styrki skv. reglum þar um ef félagsmenn verða fyrir verulegum áföllum svo sem vegna veikinda, slysa eða dauðsfalla.
- f) Að stuðla að auknu samstarfi opinberra starfsmanna og samvinnu launþegasamtaka.

3. gr.

Rétt til inngöngu í félagið eiga þeir sem eru ráðnir til starfa hjá bæjarfélaginu eða stofnunum þess og gerður hefur verið skriflegur ráðningarsamningur við sem kveður á um félagsaðildina.

Ákvörðun um félagsaðild er hægt að vísa til stjórnar.

4. gr.

Hver sá félagi sem segir upp starfi og gengur úr ráðningarsambandi við bæjarfélagið eða stofnanir þess missir öll félagsréttindi frá sama tíma.

Eftirlaunaþegar geta verið áfram í félaginu sem gjaldfrjálsir aukafélagar og skal þeim gefinn kostur að fjalla um sérmál er varða rétt þeirra og hagsmuni en aðra aðild eiga þeir ekki að félaginu.

Félagsmenn geta óskað þess að stjórn félagsins hafi afskipti af ráðningarkjörum, starfskjörum, eftirlaunum, brottvikningu og öðru því sem skiptir máli í samræmi við tilgang félagsins.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm aðalmenn og tveir varamenn. Skal hún kosin á aðalfundi í bindandi kosningu til tveggja ára í senn. Kosning skal vera skrifleg ef fleiri eru í kjöri en kjósa skal.

Formaður og ritari skulu kosnir sérstaklega en þó aldrei báðir á sama árinu. Einnig skal kjósa þrjá meðstjórnendur og tvo varamenn. Ritari skal jafnframt vera varaformaður.

Enginn er löglega kosinn í aðalstjórn nema hann fái að minnsta kosti helming greiddra atkvæða.

Stjórnin kýs úr sínum hópi gjaldkera.

Tveir skoðunarmenn ársreikninga og einn til vara eru kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn.

6. gr.

Félagið starfrækir menntasjóðsnefnd. Í henni sitja tveir aðalmenn og tveir varamenn og skulu þeir kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn. Annar aðalmaðurinn skal tilnefndur af stjórn félagsins.

Æskilegt er að báðir aðalmenn gangi ekki úr nefndinni á sama tíma.

7. gr.

Félagið starfrækir orlofsnefnd. Í henni sitja þrír aðalmenn og tveir varamenn og skulu þeir kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn. Einn af aðalmönnum skal tilnefndur af stjórn félagsins.

Æskilegt er að allir aðalmenn gangi ekki úr nefndinni á sama tíma.

8. gr.

Stjórn félagsins veitir styrki skv. samþykktum reglum þar um til að mæta verulegum áföllum svo sem vegna veikinda, slysa eða dauðsfalla. Félagsmönnum er skylt að veita stjórn allar upplýsingar sem óskað er eftir til að geta úthlutað styrkjum þessum samkvæmt samþykktum reglum.

9. gr.

Á hverjum vinnustað þar sem starfa fimm eða fleiri félagsmenn skal í septembermánuði annað hvert ár fara fram val trúnaðarmanns. Valið skal síðan tilkynnt félagsstjórn.

Berist eigi tilkynning fyrir 10. október skal félagsstjórn skipa trúnaðarmann án tilnefningar og tilkynna það félögum á viðkomandi vinnustað.

Félagsstjórn setur trúnaðarmönnum starfsreglur.

Trúnaðarmenn þessir mynda ásamt stjórn trúnaðarráð félagsins. Hlutverk trúnaðarráðs er að afgreiða á fundum sínum smærri mál og ræða og undirbúa stærri mál fyrir félagsfundi. Trúnaðarmenn skulu vera félagsstjórn til aðstoðar og styrktar í starfi hennar á hverjum tíma svo og við samningagerð. Trúnaðarráð skal boðað til samráðsfundar tvisvar á ári, vor og haust.

Nánari starfsreglur má ákveða á lögmætum félagsfundi.

10. gr.

Stjórn félagsins skal boða til félagsfundar svo oft sem þurfa þykir. Aðalfundur skal haldinn eigi síðar en í apríl ár hvert. Skal til hans boðað með að minnsta kosti sjö daga fyrirvara. Hafi stjórn borist breytingartillögur um lög félagsins skulu þær kynntar í aðalfundarauglýsingu. Tíu félagsmenn eða fleiri geta krafist þess skriflega að fundur verði haldinn í félaginu og skulu þeir tilgreina fundarefni. Er stjórn þá skylt að kalla saman fund innan sjö daga.

11. gr.

Félagsfundi skal boða með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara með fundarboði til félagsmanna eða með áberandi auglýsingu á vinnustað. Jafnan skal tilgreina fundarefni í fundarboði. Allir félagsfundir eru lögmætir ef þeir hafa verið boðaðir samkvæmt fyrirmælum þessarar greinar.

Takist ekki að ljúka aðalfundarstörfum á einum fundi skal boða til framhaldsaðalfundar með sama hætti.

12. gr.

Dagskrá aðalfundar félagsins skal vera eftirfarandi:

- a) Stjórn félagsins gefur skýrslu um starfsemi félagsins fyrir liðið ár.
- b) Lagðir fram til samþykktar endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir liðið ár.
- c) Lagabreytingar enda hafi tillögur til breytinga borist stjórn félagsins a.m.k. hálfum mánuði fyrir aðalfund.
- d) Tekin ákvörðun um félagsgjald.
- e) Kosin stjórn samkvæmt 5. gr.
- f) Kosnir skoðunarmenn ársreiknings skv. 5. gr.
- g) Kosning fulltrúa í menntasjóðsnefnd skv. 6. gr.
- h) Kosning fulltrúa í orlofsnefnd skv. 7. gr.
- i) Önnur mál.

13. gr.

Fundum skal stjórnað eftir venjulegum fundarsköpum. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála nema við lagabreytingar þar sem þarf 3/5 hluta greiddra atkvæða fundarmanna til þess að breyting sé löglega samþykkt. Þegar kosning er bundin má ekki kjósa um aðra en þá sem tilnefndir hafa verið. Þegar meirihluta greiddra atkvæða þarf til að ná kosningu og það næst ekki í fyrstu umferð skal kosið að nýju um þá tvo sem flest atkvæði hlutu. Ef tveir eða fleiri fá jafnmörg atkvæði ræður hlutkesti úrslitum.

14. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Til þess að standa straum af kostnaði við starfsemi félagsins greiða félagsmenn árgjald samkvæmt ákvörðun aðalfundar og skal miðast við hundraðshluta fastra launa. Í félagsgjaldi er innifalið árgjald til BSRB samkvæmt ákvörðun bandalagsins.

15. gr.

Félagið verður ekki lagt niður eða sameinað öðru félagi nema að undangengnu samþykki félagsmanna.

Lög þessi hafa verið í gildi frá því í júní 1993 með áorðnum breytingum í maí 1999 og nóvember 2011.

Drög að lagabreytingum félagsins

III

Lög starfsmannafélags Garðabæjar, STAG

Nafn og tilgangur

1. gr.

Félagið heitir Starfsmannafélag Garðabæjar, skammstafað STAG. Heimili þess og varnarþing er í Garðabæ.

2. gr.

Félagið er stéttarfélag starfsmanna Garðabæjar svo og fyrirtækja í eigu bæjarins.

Tilgangur og hlutverk félagsins er meðal annars eftirfarandi:

1. Að annast kjarasamningsgerð og vera í fyrirsvari fyrir hönd starfsmanna varðandi kjarasamningsmál samkvæmt lögum og reglugerðum er þá varða.
2. Að gæta hagsmuna félagsmanna í því er varðar laun, önnur kjör, starfsréttindi hvers konar, eftirlaun og önnur réttindi og skyldur því varðandi.
3. Að stuðla að aukinni menntun m.a. með styrkjum úr menntasjóði.
4. Að starfrækja orlofshús og annað það sem bæta kann kjör félagsmanna í orlofi.
5. Að tryggja að félagsmenn eigi rétt á styrkjum verði þeir fyrir verulegum áföllum svo sem vegna veikinda, slysa eða dauðsfalla.
6. Að stuðla að auknu samstarfi opinberra starfsmanna og samvinnu launþegasamtaka

Réttindi og skyldur

3. gr.

Rétt til inngöngu í félagið eiga þeir sem eru ráðnir til starfa hjá bæjarfélaginu eða stofnunum þess og gerður hefur verið skriflegur ráðningarsamningur við sem kveður á um félagsaðildina.

Ákvörðun um félagsaðild er hægt að vísa til stjórnar.

Til þess að standa straum af kostnaði við starfsemi félagsins greiða félagsmenn félagsgjald samkvæmt ákvörðun aðalfundar. Í félagsgjaldi er innifalið árgjald til BSRB samkvæmt ákvörðun bandalagsins.

4. gr.

Hver sá félagi sem segir upp stafi og gengur úr ráðningarsambandi við bæjarfélagið eða stofnanir þess missir öll félagsréttindi frá sama tíma.

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg tilkynning til stjórnar og öðlast hún gildi frá þeim tíma er hún berst félagsstjórn enda sé félagsmaður þá skuldlaus við félagið. Úrsögn öðlast þó ekki gildi eftir að ákvörðun um verkfall hefur verið tekin og meðan á verkfalli stendur, heldur frestast gildistaka hennar þar til verkfalli lýkur.

Verði félagsmaður atvinnulaus skal hann eiga kost á að halda félagsaðild og þeim réttindum, sem er á færi félagsins að veita, á fyrstu sex mánuðunum sem hann er atvinnulaus og sannanlega ekki með aðild að öðru stéttarfélagi. Atvinnulausir greiða félagsgjald, en heimilt er að fella það niður.

Eftirlaunaþegar geta verið áfram í félaginu sem gjaldfrjálsir aukafélagar næstu tvö ár eftir að þeir láta af stöfum enda hafi starf þeirra verið aðalstarf að minnsta kosti fjögur ár fyrir starfslok. Þeim skal gefinn kostur að fjalla um sérmál er varða rétt þeirra og hagsmuni en aðra aðild eiga þeir ekki að félaginu.

Félagsmenn geta óskað þess að stjórn félagsins hafi afskipti af ráðningarkjörum, starfskjörum, eftirlaunum, brottvikningu og öðru því sem skiptir máli í samræmi við tilgang félagsins.

Aðalfundur

5. gr.

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.

Aðalfundur skal haldinn eigi síðar en apríl ár hvert og skal stjórnin boða til hans með áberandi auglýsingu á hverjum vinnustað, á heimasíðu félagsins og með rafrænum fjölpósti til félagsmanna með sjö virkra daga fyrirvara hið skemmsta. Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Hafi stjórn borist breytingartillögur um lög félagsins skulu þær kynntar í aðalfundarauglýsingu.

Takist ekki að ljúka aðalfundarstörfum á einum fundi skal boða til framhaldsaðalfundar með sama hætti.

6. gr.

Dagskrá aðalfundar félagsins skal vera eftirfarandi:

1. Stjórn félagsins gefur skýrslu um starfsemi félagsins fyrir liðið ár.
2. Lagðir fram til samþykktar endurskoðaðir reikningar félagsins og sjóða félagsins fyrir liðið ár og gerð grein fyrir þeim.

3. Tillögur til lagabreytinga enda hafi tillögur til breytinga borist stjórn félagsins a.m.k. tveimur vikum fyrir aðalfund.
4. Tekin ákvörðun um félagsgjald.
5. Kosning stjórnar samkvæmt 7. gr.
6. Kosning skoðunarmenn ársreiknings skv. 12. gr.
7. Kosning fulltrúa í nefndir STAG.
8. Önnur mál.

Afl atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi nema annars sé getið í lögum þessum sbr. 7. gr., 17. gr. og 18. gr.

Fundi skal stjórnað eftir venjulegum fundarsköpum.

Stjórnarkjör

7. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm félagsmönnum auk tveggja til vara. Stjórnarmenn skulu kosnir á aðalfundi. Formann skal kjósa sérstaklega til tveggja ára í senn. Meðstjórnendur skulu kosnir tveir í einu til tveggja ára og gangi árlega tveir úr stjórninni á víxl.

Um kosningu til formanns gildir sú regla að hljóti enginn meira en helming gildra atkvæða skal á ný efnt til atkvæðagreiðslu milli þeirra tveggja er flest atkvæði hlutu eða þeirra sem efstir og jafnir urðu séu þeir fleiri en tveir. Telst sá kjörinn sem flest atkvæði hlýtur.

Rétt kjörnir meðstjórnendur eru þeir, sem flest atkvæði hljóta. Kjörstjórn úrskurðar um vafaatkvæði. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða.

Kosning skal vera leynileg ef fleiri eru í kjöri en kjósa skal.

Kjörstjórn og kosningar

8. gr.

Stjórn STAG skipar þriggja manna kjörstjórn og einn til vara til þess að sjá um stjórnarkjör. Kjörstjórn skal auglýsa eftir framboðum til stjórnarkjörs tímanlega og eigi síðar en 1. mars ár hvert. Í auglýsingunni skal jafnframt vekja athygli á kosningu fulltrúa í nefndir félagsins og skoðunarmanna ársreiknings.

Kjörstjórn skal auglýsa með áberandi hætti á hverjum vinnustað, á heimasíðu félagsins og með rafrænum fjölpósti til félagsmanna.

Framboðum til stjórnarkjörs skal skilað til kjörstjórnar eigi síðar en 20. mars. Hverju framboði fylgi meðmæli ekki færri en 10 og ekki fleiri en 15 félagsmanna og samþykki frambjóðanda. Viku fyrir aðalfund skal kjörstjórn auglýsa, hverjir eru í framboði og hvar og hvenær aðalfundur fari fram.

Kjörstjórn sér um gerð atkvæðaseðla og skal formannsefnum raðað sér og meðstjórnendum sér, í stafrófsröð. Frambjóðendur í formannskjöri geta einnig vera kjörgengir í kjöri til meðstjórnenda.

Félagsstjórnin skal láta kjörstjórninni tímanlega í té skrá um þá, er kosningarétt hafa.

Stjórn og störf stjórnar

9. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum og kýs varaformann, ritara og gjaldkera.

Formaður stjórnar kemur fram fyrir hönd stjórnar, hann kallar saman stjórnarfundi og stjórnar þeim, og boðar til félagsfunda, sbr. 11. gr. Gangi formaður úr stjórn á kjörtímabilinu þá tekur varaformaður við fram að næsta kjöri. Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans.

Ritari skal halda fundargerðir fyrir alla fundi stjórnar. Gjaldkeri varðveitir alla fjármuni félagsins og sjóða þess, nema annað sé ákveðið í reglum þeirra. Allt handbært fé skal geymt í banka eða á annan tryggan hátt sem stjórn ákveður. Gjaldkeri greiðir alla reikninga og leggur fram endurskoðaða ársreikninga á aðalfundi. Gjaldkera er heimilt að fela starfsmanni félagsins innheimtu gjalda og greiðslu reikninga.

Félagsfundir

10. gr.

Stjórn félagsins skal boða til félagsfundar svo oft sem þurfa þykir. Tíu félagsmenn eða fleiri geta krafist þess skriflega að fundur verði haldinn í félaginu og skulu þeir tilgreina fundarefni. Er stjórn þá skylt að kalla saman fund innan fimm virkra daga.

11. gr.

Félagsfundi skal boða með minnst fimm virkra daga fyrirvara með áberandi auglýsingu á hverjum vinnustað, á heimasíðu félagsins og með rafrænum fjölpósti til félagsmanna. Tilgreina skal fundarefni í fundarboði. Félagsfundir eru lögmætir ef þeir hafa verið boðaðir samkvæmt fyrirmælum þessarar greinar.

Fundum félagsins skal stjórnað eftir venjulegum fundarsköpum. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála.

Reikningar

12. gr.

Reikningsár félagsins skal vera almanaksárið. Á aðalfundi skulu kosnir tveir skoðunarmenn ársreikninga og einn til vara til tveggja ára í senn.

Bókhald skal vera fært samkvæmt gildandi bókhaldslögum á hverjum tíma og góðri reikningsskilavenju.

Nefndir STAG

13. gr.

Félagið starfrækir menntasjóðsnefnd. Í henni sitja tveir aðalmenn og tveir varamenn og skulu þeir kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn. Annar aðalmaðurinn skal tilnefndur af stjórn félagsins.

Æskilegt er að báðir aðalmenn gangi ekki úr nefndinni á sama tíma.

Menntasjóðsnefnd skal setja sér starfsreglur.

14. gr.

Félagið starfrækir orlofsnefnd. Í henni sitja þrír aðalmenn og tveir varamenn og skulu þeir kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn. Einn af aðalmönnum skal tilnefndur af stjórn félagsins.

Æskilegt er að allir aðalmenn gangi ekki úr nefndinni á sama tíma.

Orlofsnefnd skal setja sér starfsreglur.

15. gr.

Félagið starfrækir vísindasjóðsnefnd. Í henni sitja fjórir aðalmenn, tveir fulltrúar Garðabæjar og tveir fulltrúar STAG ásamt tveim varamönnum. Skulu fulltrúar STAG kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn. Annar fulltrúi STAG skal tilnefndur af stjórn félagsins.

Æskilegt er að allir aðalmenn gangi ekki úr nefndinni á sama tíma.

Vísindasjóðsnefnd skal setja sér starfsreglur.

Trúnaðarmenn

16. gr.

Á hverjum vinnustað þar sem starfa fimm eða fleiri félagsmenn skal í septembermánuði annað hvert ár fara fram val trúnaðarmanns. Valið skal síðan tilkynnt félagsstjórn.

Berist eigi tilkynning fyrir 10. október skal félagsstjórn skipa trúnaðarmann án tilnefningar og tilkynna það félögum á viðkomandi vinnustað.

Félagsstjórn setur trúnaðarmönnum starfsreglur.

Trúnaðarmenn þessir mynda ásamt stjórn trúnaðarráð félagsins. Hlutverk trúnaðarráðs er að afgreiða á fundum sínum smærri mál og ræða og undirbúa stærri mál fyrir félagsfundi. Trúnaðarmenn skulu vera félagsstjórn til aðstoðar og styrktar í starfi hennar á hverjum tíma svo og við samningaferð. Trúnaðarráð skal boðað til samráðsfundar tvisvar á ári, vor og haust.

Lagabreytingar

17. gr.

Lögum þessum verður eingöngu breytt á aðalfundi. Skal breytingartillögum skilað til stjórnar félagsins eigi síðar en a.m.k. tveimur vikum fyrir aðalfund. Breytingartillögur skulu kynntar með aðalfundarboði. Breytingartillaga telst samþykkt hljóti hún samþykki 2/3 hluta fundarmanna.

Félagsslit

18. gr.

Félagið verður ekki lagt niður eða sameinað öðru félagi nema að undangengnu samþykki félagsmanna.

Ákvörðun um félagsslit skal tekin af aðalfundi og þarf tillagan þar um samþykki 2/3 hluta fundarmanna. Tillögunnar skal getið í fundarboði.

Hætti félagið að starfa af öðrum ástæðum en sbr. 2. mgr., skal innan tveggja ára frá síðasta aðalfundi boðað til almenns félagsfundar, þar sem tekin verða ákvörðun um endurreisn félagsins eða slit.

Verði samþykkt að slíta félaginu skal kosin þriggja manna skilanefnd til að ráðstafa eignum félagsins í samræmi við óskir aðalfundar, sbr. 2. mgr. eða félagsfundar, sbr. 3. mgr.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eldri lög STAG.

Samþykkt á aðalfundi þann xxxx 20xx

DRÖG